

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 200/2012

2013/EES/6/10

frá 26. október 2012

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 108, 29.4.2010, bls. 355.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 66/2010 fellur úr gildi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 2a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000) í XX. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32010 R 0066**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB (Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 108, 29.4.2010, bls. 355.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 66/2010, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 108, 29.4.2010, bls. 355, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.